



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 8. maí 2019



Fyrsti fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 8. apríl 2019 kl.12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Daði Hafþórsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Engin

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 3 mánaða uppgjör
Málinu var frestað til næsta fundar.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla – RG fór yfir verkefnið gegn Makedóníu og þau vandamál sem komu upp í þeirri ferð. Deila er uppi við Makedóníu varðandi uppgjör á ferðinni þar sem farið var með liðið á annað hótél og er verið að vinna það með EHF. Þá var farið yfir verkefnin framundan næsta árið.
 - b. A landslið kvenna – RG kynnti verkefnin framundan hjá kvennalandsliðinu en liðið fer til Noregs í aðdraganda leikjanna við Spánverja. Spilar það einn leik við B landslið Noregs. Leikirnir við Spán verða 31. Maí úti en 6. Júní. RG fékk umboð frá stjórn til að ganga til samninga við Axel um áframhaldandi samstarf.
 - c. Úrslitakeppnir – Um síðustu helgi fóru fram úrslitaleikir yngri flokka í umsjón FH og tókst mjög vel til. Valur varð Íslandsmeistarar kvenna eftir sigur á Fram. Úrslitakeppni karla er í fullum gangi og hefur gengið á ýmsu. RG og GBO röktu aðeins hvað er búið að ganga á. Umspil kvenna er búið að tryggði HK sér áframhaldandi veru í Olís deild kvenna og er umspil karla komið í oddaleik þar sem Víkingur og HK berjast um laust sæti í Olís deild karla.
4. Skipan nefnda
Formenn nefnda eru beðnir um að huga að því að skipa nefndir fyrir næsta tímabil og eru þeir beðnir um að koma með tillögu að nefndarskipan fyrir næsta fund stjórnar HSÍ. GBO tekur að sér heiðursmerkjanefnd, DBG laganefnd, RG aganefnd, búninganefnd, deildarnefnd, læknanefnd og móttökunefnd. Þá mun DH taka að sér stofnun strandhandboltanefndar HSÍ.
5. Ársþing HSÍ
Laganefnd hefur unnið að leikmannasamning fyrir næsta tímabil og er hann staðfestur af stjórn HSÍ.
6. Önnur mál
Ákvörðun um lokahóf verður tekin í lok vikunnar en ákvörðunin mun byggjast á forskráningu liðanna.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 5. Júní kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari